

## Öflun og varsla borgagna

**Ásgrímur Guðmundsson**

**Greinargerð ÁsG-98-04**

## Öflun og varsla borgagna

Í upphafi árs skrifaði undirritaður greinargerð, sem ber titilinn Gagnasafn – Varsla borgagna (ÁsG-98/01). Þar var fjallað um hvers eðlis verkefnið er, þ.e. lýsing, fyrirkomulag og ávinningur, auk þess var fjallað um mannhald og kostnað. Verkefnið er ekki nýtt af nálinni og hélt áfram nokkurn veginn eins og það hafði verið unnið undanfarin ár. Búið var við að áætlun þar um mundi verða samþykkt án verulegra breytinga. Þann 15. maí var verksamningur milli ALD og ROS undirritaður, þar sem fram kemur að meginmarkmiðið er að koma upp og viðhalda gagnasafni í borholujarðfræði, öflun og vörslu borgagna. Framlag til verksins varð verulega minna en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir og var að endingu komið niður í 40–50 % af upphaflegri tillögu. Þar af leiðandi minnkaði umfang verksins til muna og ekki hefur verið hægt að sinna nauðsynlegum verkþáttum þegar líða tók á árið.

### Tímaáætlun

Tímaáætlun gerði ráð fyrir eftirfarandi:

1. Hanna og skilgreina aðgang að gögnum er lúta að jarðfræði úr borholum – lokið 15. september 1998.
2. Koma jarðfræðiupplýsingum úr holum sem hafa verið greindar og settar á tölvutækt form inn í gagnasfn – lokið 31. desember 1998.
3. Þvo, líma upp og skrá sýni úr borholum. Þar sem ekki er greitt af verktaka og rúmast innan fjárhagsramma verkefnisins, hefst 1. janúar og lokið 31. desember.

Nokkur vandræðagangur var til að byrja með á því að finna gögnunum stað í gagnagrunnskerfi OS eins og það hefur verið uppbyggt. Þess vegna komu um það tillögur í haust að kaupa sérstakan disk við tölvu OS, þar sem gögn JF verða geymd sbr. geymsla á gögnum FFR. Diskurinn er ekki enn kominn í hús. Meðan svo er munu gögnin verða varðveitt á vinnslusvæðum sérferðinga ROS á OS diskunum, þannig á að vera lágmarks hættu á að þau geti glatast. Þess fyrir utan hefur gögnum verið hlaðið inn í töflur í Oracle en þær eru ekki ennþá vel aðgengilegar og á eftir að smíða utan um þær notendavænt umhverfi. Í upphafi árs var haldið áfram innslætti gagna frá röntgen tæki, sem eru til í einhvirjum hillumetrum. Búið var með kvótann um vorið og var þá búið að slá inn á fjórða þúsund greininga. XRD-taflan (röntgen) inniheldur eftirfarandi: númer greiningar, staðarnafn, dýpi (þegar um borholur er að ræða) og niðurstaða (greining steinda í línuriti). Eftir að röntgentækið var uppfært á s.l. ári hefur orðið sú breyting á að allar greiningar (ferlarnir) fara beint í skrár sem eru varðveittar á OS-diski til bráðabirgða.

Áfram hefur verið haldið skráningu í aðrar töflur eins og þunnsneiðar og svarfspjöld, en nokkuð hefur verið haldið að sér höndunum varðandi svarfgeymslu. Reiknað er með því að taka til hendinni að skrá niður geymslustað svarfs og kjarna þegar búið er ákveða hvernig staðið skuli að varðveislunni þess.

Á seinni hluta árs var tekið í notkun nýtt forrit til að teikna jarðlagasnið og skylda þætti. Það hefur þann góða kost að gagnaskráin á bak við teikningarnar inniheldur öll gögn sem safnað er meðan á borun stendur. Auk jarðlagasniðs og ummyndunargagna eru þar allar mælingar sem gerðar eru meðan á borun stendur. Skrárnar eru á aski-formi og þar af leiðandi mjög meðfærilegar bæði hvað

varðar beina notkun og til sundurlimunar í önnur not eins og t.d. flutning yfir í oracle gagnagrunn OS.

Gert er ráð fyrir að gagnasafn jarðfræðideildarinnar geti orðið aðgengileg á vormánuðum 1999 og verður það að teljast gott markmið að ná fyrir aldamót.

## **Verkátun og raunverulegur kostnaður**

Verksamningur ALD og ROS gerði ráð fyrir :

420 tímum í svarspvott, frágang og innsláttarvinnu

200 tímum í umsjón og hönnun

40 tímum fyrir sumarmann

Auk þess var áætlað 100 þúsund krónur í útlagaðan kostnað.

Í lok október höfu verið skráðir á verkið 681 tími sbr. meðfylgjandi útskrift úr Navision bókhaldskerfinu og þá þegar hafði verið dregið úr umfangi þess. Útlagður kostnaður hefur einnig verið öllu meiri heldur en samningurinn gerði ráð fyrir og er þá eingöngu verið að tala um efniskostnað.

Ofangreindar tölur verða að teljast óraunhæfar þegar litið er til umfang þessa verks. Verktíminn er uppurinn fyrir nokkru en boranir halda áfram og gögnin hlaðast upp. Reynt hefur verið að leysa brúnasta vandann með sem minnstum tilkostnaði, en það leiðir af sér í mörgum tilfellum tvíverknað og aukinn kostnað þar af leiðandi þegar fram í sækir. Ef ekki er hægt að veita meira fjármagni í verkefnið þá verður að sníða af því og kemur þá til kasta ROS og ALD að taka um það ákvörðun hvað er nauðynlegt og hvað má missa sín.

Til fróðleiks er meðfylgjandi er flæðirit yfri hvernig helstu verkþættir þessa verks eru.

Verkaafmörkun: 8580200

Notkun (magn)

**Forði - Unnið pr. mánuð**

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Október	Nóvember	Desember	Samtals
30020	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,50	0,00	0,50
AJJ	13,70	12,00	19,30	0,00	0,00	15,30	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	60,30
ÁSG	29,00	3,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	16,00	19,00	2,00	0,00	69,00
BR	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	40,00	8,00	0,00	0,00	48,00
GÓF	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	2,00	0,00	0,00	0,00	4,00	0,00	6,00
GUH	8,00	10,50	15,00	13,00	3,00	0,00	7,00	2,00	19,50	0,00	0,00	0,00	78,00
HF	12,00	12,00	7,00	5,00	1,00	4,00	0,00	0,00	2,00	0,00	0,00	0,00	43,00
HS	8,00	7,00	6,50	0,00	0,00	5,00	0,00	0,00	1,00	0,00	0,00	0,00	27,50
IK	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	3,00	1,50	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	4,50
JT	10,00	16,00	22,00	12,00	15,00	10,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	85,00
KS	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	4,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	4,00
SSJO	0,00	14,00	2,00	0,00	0,00	4,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	20,00
TEIKN	67,20	64,60	9,60	9,20	13,20	15,60	16,20	5,60	0,00	40,20	0,00	0,00	241,40
	147,90	139,10	81,40	39,20	32,20	56,90	30,70	7,60	78,50	67,20	6,50	0,00	687,20

# Meðhöndlun á borsvarfi

